

Tillaga til breytingar á reglugerð BLÍ

Kvennaráð Fylkis leggur til breytingar á lið 1.8 í Reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni BLÍ. Tillagan felst í breytingu á heimild leikmanns Úrvalsdeildarliðs að mega leika með og vera skráður í b-lið félagsins í 1. deild samtímis.

Núverandi reglugerð er eftirfarandi:

„Leikmanni er einungis heimilt að leika með og vera skráður í eitt lið í einu. Þó eru undanþágur frá þessari reglu fyrir leikmenn úrvalsdeildarliða og leikmenn í U-flokkum. Eftirfarandi undanþágur eru í gildi:

- Leikmaður Úrvalsdeildarliðs má leika með og vera skráður í b-lið félagsins í 1.d. samtímis. Hyggist leikmaðurinn leika með öðrum liðum félagsins þarf hann að fá löggild liðaskipti innan félagaskiptagluggans.“

Ef meðfylgjandi breytingartillaga er samþykkt verður reglugerðin eftirfarandi:

Leikmanni er einungis heimilt að leika með og vera skráður í eitt lið í einu. Leikmanni er aðeins heimilt að leika með tveimur liðum á hverri leiktíð. Þó eru undanþágur frá þessum reglum fyrir leikmenn úrvalsdeildarliða og leikmenn í U-flokkum. Eftirfarandi undanþágur eru í gildi:

- Leikmaður Úrvalsdeildarliðs má leika með og vera skráður í b-lið félagsins í 1.d. samtímis. Sjö hrinuhæstu leikmenn liða í Úrvalsdeild er óheimil þátttaka í deildarkeppninni. Hyggist leikmaðurinn leika með öðrum liðum félagsins þarf hann að fá löggild liðaskipti innan félagaskiptagluggans.

Rökstuðningur: Það hefur verið áberandi í vetur að tvö lið tefli mikið fram Úrvalsdeildarleikmönnum í 1. deild kvenna. Mikill munur er á hvort verið sé að keppa við t.d. úrvalsdeildarlið HK og Álftaness eða lið þeirra sem er að æfa sem 1. deildarlið. Þetta gerir einnig það að verkum að þeir einstaklingar sem eru að æfa með viðkomandi 1. deildarliðum fá lítið að spreyta sig í leikjum. Það er eðlilegt að yngstu einstaklingarnir og þeir aðilar sem ekki eru alla jafna í byrjunarliði Úrvalsdeildarinnar fái að spila með 1. deildinni og nái þannig leikreynslu. En að sömu einstaklingar séu ætíð í byrjunarliði Úrvalsdeildar og 1. deildar er íþróttinni ekki til framdráttar.